

Verðbreytingar á bréfapósti innan alþjónustu 0-2000g

1. Tilkynning Íslandspósts ohf.

Með tilkynningu Íslandspósts ohf. (ÍSP), dags. 30. nóvember 2020, tilkynnti félagið um breytingar á gjaldskrá bréfa 0-2000g, sbr. 1. og 2. mgr. 18. gr. laga um pósthjónustu.

Tilkynning ÍSP tók til eftirfarandi flokka fyrir einstök bréf, sem og magnpóst:

Samanburður núverandi verðs við nýtt verð

Almenn bréf	Núverandi verð	Nýtt verð	Verðbreyting %	Núverandi magn verð	Nýtt magn verð	Verðbreyting
0-50 g	195	224	15%	140	161	15%
51-100 g	230	265	15%	210	242	15%
101-250 g	250	288	15%	230	265	15%
251-500 g	315	362	15%	295	339	15%
501-1000 g	550	633	15%	510	587	15%
1001-2000 g	720	828	15%	680	782	15%

Áætlaði fyrirtækið að verðbreytingin myndi taka gildi þann 1. janúar 2021.

Í tilkynningu ÍSP kemur fram að verðbreytingin sé í takt við verðlagsbreytingar og þá staðreynd að gjaldskrá fyrirtækisins hafi síðast verið breytt þann 1. janúar 2019, þegar gjaldskrá fyrir bréf í gjaldflokknum 51-2000 hafi hækkað um 10%. Einnig hafi gjaldskrá fyrir bréf 0-50g hækkað um 4% þann 1. janúar 2018.

Jafnframt upplýsti ÍSP um að endurskoðun yrði á vöruflokknum í heild sinni þar sem til skoðunar sé að endurskipuleggja flokkinn vegna gríðarlegrar minnkunar á magni.

2. Fyrirspurn Póst- og fjarskiptastofnunar

Þann 9. desember sl. sendi PFS eftirfarandi fyrirspurn til ÍSP:

„Vísað er í tilkynningu Íslandspósts, dags. 30. nóvember sl., þar sem fyrirtækið tilkynnti um breytingar á gjaldskrá bréfa 0-2000 gr.

Breytingin tekur til gjaldskrár fyrir einstök bréf, sem og á gjaldskrá fyrir magnpóst, sbr. 1. og 2. mgr. 18. gr. laga um pósthjónustu nr. 98/2019.

Gjaldskrár alþjónustuveitanda skulu byggja á raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði, sbr. 3. mgr. 17. gr. laga um pósthjónustu.

Samkvæmt 4. mgr. 17. gr. er PFS heimilt að alþjónustuveitandi geri grein fyrir kostnaðargrundvelli gjaldskrár innan alþjónustu og í 3. mgr. 18. gr. er talað um að PFS sé heimilt að yfirfara útreikninga alþjónustuveitanda.

Jafnframt er kveðið á um í 4. mgr. 18. gr. að breytingar á gjaldskrá innan alþjónustu, ásamt rökstuðningi, skulu birtar á vefsíðu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Til að PFS geti tekið afstöðu til tilkynningar ÍSP út frá þeim lagaheimildum sem vitnað er í hér að ofan er nauðsynlegt að ÍSP sendi stofnuninni eftirfarandi upplýsingar:

- Magnminnkun (fjöldi, %) frá síðustu verðákvörðun, annars vegar vegna 0-50 gr. og hins vegar vegna 51-2000 gr.
- Nýjasta afkomulíkan (jan. – sept. 2020).
- Áætluð hækkun launa vegna kjarasamninga 2021 (% , kr.)
- Áætlun fyrir árið 2021 (rekstur og magn)“

3. Skýringar Íslandspósts

Með bréfi, dags. 11. desember 2020, veitti ÍSP umbeðnar viðbótarskýringar um:

- þróun magns á undanförunum árum sem og áætlaða magnminnkun á árinu 2021,
- upplýsingar úr afkomulíkani fyrir fyrstu 9 mánuði ársins 2020,
- hækkun laun vegna kjarasamninga,
- upplýsingar um áætlun ársins 2021 (rekstur og magn).

4. Afstaða PFS, heimildir og eftirlitsúræði

Fjallað er um gjaldskrá alþjónustuveitanda í 17. gr. laga um pósthjónustu nr. 98/2019 og er þar að finna þær meginreglur sem gjaldskrá innan alþjónustu skal byggjast á og til hvaða þjónustuflokka hún nær.

Samkvæmt 1. mgr. skulu gjöld fyrir alþjónustu vera viðráðanleg fyrir notendur þannig að þeir geti notfært sér þjónustuna. Í tengslum við þetta skilyrði laganna kannaði PFS hvernig sambærilegar gjaldskrár á Norðurlöndunum væru fyrir 0-50g. Niðurstöðuna má sjá í töflu hér að neðan og miðast verð við gjaldskrár sem taka munu gildi í löndunum þann 1.1. 2021.

0-50g	Svíþjóð	Ísland	Danmörk	Noregur	Finnland
ISK	183	224	229	264	272

Seðlabanki Íslands miðgengi þann 16.12.2020

Einnig er rétt að benda hér á árlega könnun sem framkvæmd er af þýska póstinum þar sem borið er saman m.a. verð fyrir 0-50g bréf innan Evrópu.¹ Samkvæmt þeirri skýrslu er Ísland í 6 sæti yfir dýrustu lönd Evrópu fyrir póstsendingar 0-50.

¹ <https://www.dpdhl.com/en/media-relations/press-releases/2020/german-postage-rates-remain-economical-compared-with-rest-of-europe.html>

Ofangreindur samanburður kallar ekki á sérstakar ráðstafanir og/eða viðbragða af hálfu PFS vegna þeirrar tilkynningar sem ÍSP sendi um hækkun á gjaldskrá félagsins fyrir bréf 0-2000g.

Samkvæmt 3. mgr. 17. gr. skulu gjaldskrár fyrir alþjónustu taka mið af raunkostnaði við að veitta þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði.

Samkvæmt 4. mgr. er PFS heimilt að krefjast þess að alþjónustuveitandi geri grein fyrir kostnaðargrundvelli gjaldskrár fyrir þjónustu innan alþjónustu.

Í 5. mgr. 17. gr. er fjallað um þær heimildir sem PFS getur gripið til að því er viðkemur gjaldskrá alþjónustuveitanda, en þær eru:

- Krafist þess að alþjónustuveitandi geri kostnaðarlíkan til útreiknings á verði.
- PFS getur við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst rekin á hagkvæman hátt.
- Tekið mið af gjaldskrá á sambærilegum samkeppnismörkuðum.
- Notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum póstrekinga.

Jafnframt er í 6. mgr. 17. gr. fjallað um að ef stofnunin telur að gjaldskrá alþjónustu uppfylli ekki skilyrði þessarar greinar gerir stofnunin kröfur um úrbætur.

Eins og fram kemur í 3. mgr. 17. gr. skal gjaldskrá innan alþjónustu byggja á meginreglunni um raunkostnað að viðbættum hæfilegum hagnaði. Kostnaðarbókhald félagsins hefur á undanförunum árum sýnt tap af þeim vörum sem falla undir alþjónustu.² Einnig er rétt að benda á að á undanförunum árum hefur orðið gríðarleg minnkun á magni bréfapósts. Á árinu 2020 er t.d. útlit fyrir að póstsendingum undir 50 gr. fækki um 27% og póstsendingum í flokkunum 51-2000g fækki um 19%. Óhjákvæmilegt er annað en að því verði að einhverju leyti mætt með hækkun á gjaldskrá félagsins.

Ekki er því ástæða til að gera athugasemdir af hálfu stofnunarinnar við umrædda tilkynningu ÍSP. Hvorki á grundvelli 6. mgr. 17. gr., né samkvæmt þeim heimildum sem fjallað er um í 3. mgr. 18. gr. laganna.

Birting ofangreindrar yfirlýsingar, ásamt meðfylgjandi gögnum byggir á 4. mgr. 18. gr. laga um pósthjónustu, en þar kemur fram að breytingar á gjaldskrá innan alþjónustu ásamt rökstuðningi skulu birtar á vefsíðu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Gögn frá Íslandspósti:

Bréf Íslandspósts, dags. 30. nóvember 2020

Bréf Íslandspósts, dags. 11. desember 2020

Kostnaðarlíkan Íslandspósts (ekki birt – trúnaður)

Gögn um bókhaldslega aðgreiningu (ekki birt -trúnaður), sbr. þó yfirlýsingar PFS um bókhaldslega aðgreiningu

Reykjavík, 18. 12. 2020

² <https://pfs.is/postthjonusta/yfirlit-yfir-bokhaldslegan-adskilnad/>